

LANDSRÉTTUR

Úrskurður mánudaginn 15. apríl 2024.

Mál nr. 319/2024:

Héraðssaksóknari

(Dagmar Ösp Vésteinsdóttir settur saksóknari)

gegn

X

(Margrét Helga Kr. Stefánsdóttir lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Rannsókn.

Útdráttur

Staðfestur var úrskurður héraðsdóms þar sem lögreglu var veitt heimild til að koma fyrir myndupptökubúnað inni í geymslu sem X hafði aðgang að, svo unnt yrði að fylgjast með því sem þar færi fram án þess að X og aðrir hlutaðeigandi vissu af því.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Arnfríður Einarsdóttir og Jóhannes Sigurðsson og Kjartan Bjarni Björgvinsson settur landsréttardómari, kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Varnaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 15. apríl 2024, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum sama dag. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. apríl 2024 í málinu nr. R-[...]/2024 þar sem lögreglu var heimilað að koma fyrir myndupptökubúnaði inni í geymslu, sem lögregla hafði merkt sem [...], staðsettri á geymslugangi í fjölbýlishúsinu [...], sem varnaraðili hefði aðgang að, svo unnt yrði að fylgjast með því sem þar færi fram án þess að varnaraðili og aðrir hlutaðeigandi viti af því, frá og með 12. apríl 2024 til og með 10. maí 2024. Kæruheimild er í i-lið 1. mgr. 192. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.
- Varnaraðili krefst þess aðallega að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi en til vara að aðgerðinni verði markaður skemmri tími. Þá krefst varnaraðili þóknunar til handa skipuðum talsmanni sínum vegna meðferðar málsins fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.
- Samkvæmt 3. mgr. 237. gr., sbr. 84. gr. laga nr. 88/2008, greiðist þóknun skipaðs talsmanns varnaraðila vegna meðferðar málsins sem ákveðin er að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í úrskurðarorði greinir.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Póknun skipaðs talsmanns varnaraðila, Margrétar Helgu Kr. Stefánsdóttur lögmanns, fyrir Landsrétti, 50.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. apríl 2024

Sóknaraðili er Héraðssaksóknari.

Varnaraðili er X, kt. [...].

Dómkröfur

Þess er krafist að Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurði að lögreglu sé heimilt að koma fyrir myndupptökubúnaði inni í geymslu, sem lögregla hefur merkt sem [...], sem staðsett er á geymslugangi í fjölbýlishúsinu [...], sem X, kt. [...], hefur aðgang að, svo unnt sé að fylgjast með því sem þar fer fram án þess að hann og aðrir hlutaðeigandi viti af því, frá og með 12. apríl 2024 til og með 10. maí 2024.

Málsatvik

Í greinargerð sóknaraðila er atvikum lýst svo: Lögregla hefur á grundvelli fjölmargra dómsúrskurða fylgst náið með manni að nafni Y frá janúar sl. Er hann talinn tengdur skipulagðri brotastarfsemi sem varðar innflutning á miklu magni fíkniefna hingað til lands.

Rannsókn málsins hefur leitt í ljós að hann og aðrir tengdir honum venji komur sínar í geymslur að [...]. Frá 21. febrúar sl. hefur lögregla nokkrar skráðir ferðir þar sem Y og aðrir tengdir honum hafa komið að [...] og átt erindi inn á geymslugang húsnæðisins. Þá hefur rannsókn jafnframt leitt í ljós að þeir hafi tengingu við varnaraðila sem sést hefur m.a. yfirgefa húsnæðið í sömu bifreið og maður tengdur Y.

Rannsókn hefur leitt í ljós að varnaraðili hefur aðsetur í einni geymslnanna [...] á geymsluganginum og að hann hafi jafnframt aðgang að annarri geymslu [...] en þar virðist enginn dvelja. Geymslur á ganginum eru leigðar út sem herbergi.

Lögregla hefur rökstuddan grun um að varnaraðili varslí fíkniefni að [...], fyrir hönd Y og hefur rannsókn leitt í ljós að varnaraðili er í samskiptum við menn sem eru tengdir Y. Er það mat lögreglu að geymsla [...] sé sá staður þar sem fíkniefnin eru vörsluð en þó hefur sést til varnaraðila bera ferðatöskur á milli geymsla [...] og [...]. Lögregla telur að með rannsóknaraðgerðinni sé hægt að upplýsa um það sem varslað er í geymslunni en varnaraðili hefur ítrekað farið inn í hana, ýmist einn eða með öðrum og borið töskur inn og út úr geymslunum sem hann hefur umráð yfir á geymsluganginum.

Lagarök

Í greinargerð er krafa sóknaraðila rökstudd þannig: Það er mat lögreglu að varnaraðili sé undir rökstuddum grun um aðild að stórfelldum fíkniefnalagabrotum og sé þátttakandi í skipulagðri brotastarfsemi. Er ætlað brot talið varða við 173. gr. a. og 175. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og má ætla að ef það sannaðist, að það myndi geta varðað fangelsisrefsingu, allt að 12 árum. Af þessum sökum skiptir miklu fyrir áframhaldandi rannsókn málsins að fengin sé heimild til rannsóknaraðgerðar í samræmi við hina

framlögðu kröfu. Þessi rannsóknaraðgerð er talin geta varpað skýru ljósi á skipulagningu brota, geta upplýst um brotastarfsemi og meinta samverkamenn. Telur lögregla að upplýsingar, sem fást með aðgerðum þessum, skipti miklu fyrir rannsókn málsins. Þá telur lögregla jafnframt að ríkir almannahagsmunir krefjist þess að mál þetta upplýsist.

Með vísan til framangreinds, framlagðra gagna og b liðar 1. mgr. 82. gr., sbr. 83. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er þess krafist að krafan nái fram að ganga eins og hún er fram sett.

Niðurstaða

Dómari hefur fallist á að krafan hljóti meðferð fyrir dómi án þess að varnaraðili verði kvaddur á dómþing, sbr. 1. mgr. 104. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Lögregla hefur til rannsóknar mál er varðar innflutning fíkniefna og mögulega skipulagða brotastarfsemi. Sannist sök geta brot gegn 173. gr. a í lögum nr. 19/1940 varðað allt að 12 ára fangavist. Að auki er fjögurra ára refsiramma vegna brots gegn 175. gr. a sömu laga nema brot varði þyngri refsingu samkvæmt öðrum ákvæðum sömu laga eða sérrefsilögum.

Með vísan til framlagðra rannsóknargagna er fallist á að lögregla hafi rökstuddan grun um brotastarfsemi varnaraðila. Af greinargerð sóknaraðila og framlögðum gögnum er ljóst að þær upplýsingar sem til stendur að afla með umkrafinni rannsóknaraðgerð geti skipt miklu máli fyrir rannsókn málsins. Með henni ætti að vera unnt að varpa skýrara ljósi á skipulag brotastarfseminnar og hverjir kunni að vera meintir samverkamenn varnaraðila.

Einnig er uppfyllt skilyrði laga um refsiramma þess brots sem er til rannsóknar. Þegar litið er til umfangs og eðlis meintra brota verður jafnframt að telja ríka almannahagsmuni krefjast þess að sóknaraðila sé veitt heimild til þessarar rannsóknaraðgerðar.

Að framangreindu virtu eru uppfyllt skilyrði b-liðar 1. mgr. 82. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 83. gr. laga nr. 88/2008 til þess að fallast megi á kröfu sóknaraðila.

Þá verður ekki séð að rök standi til þess að marka beri umræddum rannsóknarheimildum skemmri tíma eða minna umfang en hér er krafist eða þær sé unnt að framkvæma með öðrum og vægari hætti en krafist er. Verður því fallist á kröfu sóknaraðila eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Þóknun skipaðs talsmanns varnaraðila, Margrétar Helgu Kr. Stefánsdóttur lögmans, er ákveðin 30.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Við ákvörðun þóknunar er litið til 3. gr. reglna dómstólasýslunnar nr. 1/2024 og þess að lögmaðurinn er skipaður talsmaður í þremur málum vegna sambærilegs sakarefnis. Þóknunin greiðist úr ríkissjóði sbr. 2. mgr. 84. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 88/2008.

Helgi Sigurðsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð

Lögreglu er heimilt að koma fyrir myndupptökubúnaði inni í geymslu, sem lögregla hefur merkt sem [...], sem staðsett er á geymslugangi í fjölbýlishúsinu [...], sem X, kt. [...], hefur aðgang að, svo unnt sé að fylgjast með því sem þar fer fram án þess að hann og aðrir hlutaðeigandi viti af því, frá og með 12. apríl 2024 til og með 10. maí 2024.

Þóknun skipaðs talsmanns varnaraðila, Margrétar Helgu Kr. Stefánsdóttur lögmanns, er ákveðin 30.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.